MONOFINISH

Einþátta meðalharðnandi sementsbundinn múr til jöfnunar á steinsteyptum og múruðum veggjum





CE EN 1504-3 R2 MAPEI REPAIR MORTAR

CE EN 1504-2 PRINCIPLES MC-IR MAPEI

HENTAR VIÐ EFTIRFARANDI AÐSTÆÐUR

Yfirborðsvörn og jöfnun steyptra og múraðra veggflata.

Nokkrir notkunarmöguleikar

- Slétta steinsteypta veggi fyrir málun.
- Slétta viðgerða bletti, t.d. með **Mapegrout** múr.
- Slétta ójöfnur á eldri múr sem þegar hefur góðan styrk.

TÆKNILEGIR EIGINLEIKAR

Monofinish er einþátta múrefni í duftformi. Hefur mikinn styrk, og inniheldur valda fínkornaða sandblöndu, sérvalin aukefni og tilbúnar fjölliður samkvæmt forskriftum frá tilrauna- og rannsóknastofum MAPEI.
Við vatnsíblöndun verður til þjáll múrmassi, sem auðvelt er að bera á lóðrétta fleti, allt að 2 - 3 mm þykkt í umferð. Vegna fjölliðuinnihaldsins hefur **Monofinish** afar góða viðloðun við alla steinsteypta fleti, og myndar þétt sterkt múrlag eftir hörðnun.

Monofinish uppfyllir kröfur sem skilgreindar eru í staðli EN 1504-9 („*Vörur og kerfi til verndunar steinsteyptra mannvirkja, - skilgreiningar, kröfur, gæðaeftirlit og áreiðanleikamat. Almenn viðmið við notkun vara og kerfa*“), stenst lágmarkskröfur í EN 1504-3 („*Viðgerðir á burðarvirkjum og mannvirkjum án álags*“), sem eru gerðar til múrefna í flokki R2 fyrir mannvirki án álags, og kröfur í EN 1504-2 til yfirborðsefna í flokki (C) („*Verndarkerfi fyrir steinsteypt yfirborð*“), samkvæmt MC og IR kröfum.

VARNAÐARORÐ

- Notið ekki **Monofinish** þar sem þörf er á mikilli múrþykkt (í þeim tilvikum er mælt með **Mapegrout Tissotropico**, **Mapegrout T40**, **Mapegrout BM** eða **Mapegrout Colabile**).
- Notið ekki **Monofinish**, sé umhverfishitastig lægra en +5°C.
- Blandið ekki sementi eða öðrum múrefnum saman við **Monofinish**.
- Þar sem múra skal votrými eða aðra fleti sem eru sívotir eða undir núningsálagi, er mælt með **Mapefinish**.

MAPEI

LEIÐBEININGAR

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR VARÐANDI NOTKUN	
Samsetning blöndunnar:	100 kg af **Monofinish** 18 - 19 l af vatni
Hámarksþykkt hvers lags:	2 - 3 mm
Hitasvið við notkun:	umhverfis- og undirlagshiti frá +5°C til +35°C
Endingartími blöndu:	um það bil 1 klst (við +20°C)
Þurrkunartími á yfirborði:	um það bil 30 mín (við +20°C)
Biðtími áður en málað er (Elastocolor Primer og Elastocolor Pittura):	3 dagar á **Monofinish** 7 dagar á múr úr **Mapegrout** vöruflokknum, sem sléttaður er með **Monofinish**

Undirbúningur undirlags

Allir fletir skulu vera fullharðnaðir, heilir, þurrir og lausir við óhreinindi. Hreinsið burt allar saltútfellingar, mótaolíu eða agnir með sand- eða háþrýstivatnsblæstri.
Endurbyggið skemmd svæði með múr úr **Mapegrout** vöruflokknum (sjá viðkomandi tækniblöð).
Eftir slíkar smáviðgerðir með **Mapegrout** múr, skal metta yfirborð með vatni, og umframvatn látið gufa upp.
Nota má þrýstiloft eða svamp eftir þörfum.
Berið ekki **Monofinish** á fleti, sé á þeim vatnsfilma.

Blöndun


Hellið 4,5 - 4,7 lítrum af vatni í hreint ílát og bætið síðan rólega við innihaldi 25 kg **Monofinish** poka. Hrærið stöðugt, t.d. með borvélarhræru í nokkrar mínútur og gætið þess að skrapa allt óhrært efni af veggjum og botni ílátsins.
Haldið áfram hrærslu þar til massinn er orðinn þjáll og einsleitur. Notkun hræribúnaðar kemur í veg fyrir of mikla upptöku lofts.
Forðist að handhræra.
Leiðbeiningar um undirbúning steypuhrærunnar til að búa til sýni fyrir próf í rannsóknarstofu er að finna í töflunni TÆKNILEG GÖGN.

Múrvinna

Leggið múrblönduna á undirlagið með spaða eða bretti. Hámarksþykkt í umferð er 2 - 3 mm.
Sé meiri þykktar óskað, skal fara fleiri umferðir.
Monofinish er jafnað með flötu bretti eða bretti með rökum svampi eftir 30 mínútur, miðað við +20°C hitastig.
Hafi yfirborð tilhneigingu til að þorna við jöfnun, má úða vatni á það til að auðvelda verkið.
Við hátt hitastig eða mikinn vind, ætti að úða vatni á múrinn fyrstu klukkustundirnar til að hindra sprungumyndun.



Múr borinn á með bretti



Jöfnun með svampbretti

HREINSUN ÁHALDA

Hreinsið áhöld með vatni áður en **Monofinish** múrinn harðnar.
Gerist það er einungis unnt að hreinsa áhöld með slípun eða öðrum verkfærum.

EFNISNOTKUN

1,4 kg/m² fyrir hvern mm þykktar.

PÖKKUN

25 kg pokum.

GEYMSLA

Monofinish þolir geymslu í 12 mánuði í upprunalegum umbúðum á þurrum stað.

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR VARÐANDI UNDIRBÚNING OG NOTKUN

Leiðbeiningar um örugga notkun á vörum okkar er að finna á nýjustu útgáfu af öryggisblaði sem er í boði á heimasíðu okkar **www.mapei.no** okkar.

VARA ÆTLUÐ FAGMÖNNUM TIL NOTKUNAR.

TÆKNIUPPLÝSINGAR (dæmigerð gildi)

AUÐKENNINISGÖGN VÖRU	
Flokkun samkvæmt EN 1504-3:	R2
Gerð samkvæmt EN 1504-1:	PCC
Auðkenni skv. EN 1504-2: (aðferðir og meginreglur)	Yfirborðsefni (C), kröfur MC og IR
Þéttleiki:	duft
Litur:	grátt
Hámarksstærð malarefnaefna:	0,4 mm
Klóríðjónainnihald samkvæmt EN 1015-17: (lágmarkskröfur samkvæmt EN 1504 ≤ 0,05 %)	≤ 0,05 %

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR VEGNA UNDIRBÚNINGS VÖRU	
Samsetning blöndunnar:	100 hlutar í þyngd af **Monofinish** með 18,5 % af vatni
Undirbúningur blöndunnar:	samkvæmt EN 196-1

EIGINLEIKAR FERSKRAR BLÖNDU (við +20°C og 50 % R.H.)	
Litur á blöndu:	grátt
Samræmi á blöndu:	léttfljótandi, má leggja út með spaða eða bretti
Þéttleiki á blöndu:	1700 kg/m³

ENDANLEG FRAMMISTAÐA *Samkvæmt hörðnun sem er skilgreind í prófunaraðferðunum (2,5 mm þykkt)*				
Eiginleikar frammistöðu	**Prófunaraðferð**	**Kröfur skv. EN 1504-2 - yfirborðsefni (C), kröfur MC og IR**	**Kröfur skv. EN 1504-3 múrefni í flokki R2**	**Frammistaða vöru**
Þrýstiþol: **- 1 dag** **- 7 daga** **- 28 daga**	EN 12190	ekki krafist	- - ≥ 15 MPa	**> 4 MPa** **> 15 MPa** **> 25 MPa**
Beygjuþol: **- 1 dag** **- 7 daga** **- 28 daga**	EN 196-1	ekki krafist	ekki krafist	**> 1,5 MPa** **> 4,0 MPa** **> 6,5 MPa**
Mýktarstuðull í þjöppun:	EN 13412	ekki krafist	ekki krafist	**12 GPa**
Viðloðun við stein-steypu:	EN 1542	Fyrir stíf burðarvirki án umferðar: ≥ 1,0 MPa með umferð: ≥ 2,0 MPa	≥ 0,8 MPa	**≥ 2,0 MPa**
Þol gagnvart hraðri afkölkun (carbonation):	EN 13295	ekki krafist	ekki krafist	**dýpt afkölkunar ≤ á viðmiðunarsteypu**
Hitasamhæfi: **– frystingar-þíðingarlotur með afísingarsöltum (50 sveiflur):** **– þrumuskúrir (30 sveiflur):** **– hitasveiflur (30 sveiflur):**	EN 13687-1 EN 13687-2 EN 13687-4	ekki krafist	≥ 0,8 MPa ≥ 0,8 MPa ≥ 0,8 MPa	**≥ 2,0 MPa** **≥ 2,0 MPa** **≥ 2,0 MPa**
Hárpípusog:	EN 13057	ekki krafist	≤ 0,5 kg/m²·h^{0,5}	**< 0,3 kg/m²·h^{0,5}**
Gleypni (miðað við utanáliggjandi vatn) *W*:	EN 1062-3	W < 0,1 kg/m²·h^{0,5}	ekki krafist	**W < 0,05 kg/m²·h^{0,5}** **Flokkur W_3** *(lág vatnsgleypni) skv. EN 1602-1*
Gleypni gagnvart vatnsgufu (wet cup aðferð B) – samsvarandi loftþykkt S_D:	EN ISO 7783	Flokkur I S_d < 5 m Flokkur II 5 m ≤ S_d ≤ 50 m Flokkur III S_d > 50 m	ekki krafist	**S_d < 0,5 m** **Flokkur I** *(gleypt gagnvart vatnsgufu)*
Viðbragð við eldi:	EN 13501-1	Euroclass	Euroclass	**E**

ATHUGASEMDIR: Undirbúningur sýna: þjöppun samkvæmt EN 196-1.

VIÐVÖRUN

Þótt þær tæknilegu upplýsingar og ráðleggingar sem er að finna í þessu upplýsingablaði um vöruna séu í samræmi við bestu vitund okkar og reynslu eru allar ofangreindar upplýsingar aðeins til viðmiðunar í hverju tilviki fyrir sig og ber að líta á þær sem upplýsingar sem bíða staðfestingar eftir lengri notkun. Því verður hver sá sem hyggst nota vöruna að ganga úr skugga um það fyrirfram að hún henti til ætlaðrar notkunar. Notandinn er í öllum tilfellum einn að fullu ábyrgur fyrir öllum afleiðingum af notkun vörunnar.

Kynntu þér vinsamlegast gildandi útgáfu af tækniblaðinu sem finna má á vefsetri okkar, www.mapei.no

TILKYNNING UM LAGALEG ATRIÐI

Innihald þessa tækniblaðs („TDS“) má afrita í annað skjal tengt verkefni, en endanlega skjalið skal ekki vera viðbót eða koma í staðinn fyrir tækniblaðið sem er í gildi á þeim tíma sem vara MAPEI er notuð. Hægt er að hlaða niður nýjustu tækniblöðum frá heimasíðu okkar á www.mapei.no

ALLAR BREYTINGAR Á ORÐALAGI EÐA KRÖFUM SEM FELAST Í EÐA REKJA MÁ TIL ÞESSA ÖRYGGISBLAÐS ÓGILDA ÁBYRGÐ MAPEI.

Mapei AS

Vallsetvegen 6, 2120 Sagstua, Norge

+47 62 97 20 00 www.mapei.no post@mapei.no

314-9-2026-is

Öll afritun texta, mynda og skýringamynda úr þessum bæklingi er bönnuð, og gæti leitt til málssóknar.